

Ed.

543. Breytingartillögur

[210. mál]

við frv. til laga um orlof.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 7. gr. Ný málsgrein komi, er verði 3. mgr., sem hér segir:
Veikist launþegi hér innanlands í orlofi það alvarlega, að hann geti ekki notið orlofsins, skal hann á fyrsta degi, t. d. með símskeyti, tilkynna vinnuveitanda um veikindin og hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð. Fullnægi hann tilkynningunni og standi veikindin samfellt lengur en þrjá sólarhringa, á launþegi rétt á uppbótarorlofi jafnlangan tíma og veikindin sannanlega voruðu. Undir framangreindum kringumstæðum skal launþegi ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði. Vinnuveitandi á rétt á að láta lækni vitja launþega, er veikst hefir í orlofi. Uppbótarorlof skal, eftir því sem kostur er, veitt á þeim tíma, sem launþegi óskar. Orlofi skal þó alltaf lokið fyrir upphaf næsta orlofstímabils.
2. Við 18. gr. Greinin orðist sem hér greinir:
Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 16 26. febr. 1943 og lög nr. 87 24. des. 1971 með síðari breytingum.
3. Ákvæði til bráðabirgða komi sem hér greinir:
Lög þessi gilda um orlofsárið 1976—1977.